

ORÐAFORÐI: ÞREPIN ÞRjú

Anna Sólveig Árnadóttir
Guðmundur Edgarsson
Guðbjörg R. Þórisdóttir

Margir kennarar þekkja til kenningar Beck, McKeown og Kucan varðandi þrepaskiptingu orðaforða. Kenningin byggir á þeirri hugmynd að skipta megi orðasafni þroskaðs málnotanda í þrjú þrep og að þessi flokkun geti haft ákveðið kennslufræðilegt gildi þegar leggja þarf mat á það hvaða orðaforða sé mikilvægt að kenna fyrir myndun þekkingar (Beck, McKeown og Kucan 2002, bls. 8). Höfundar hafa ekki gefið þrepum sínum heiti en leitast við að lýsa einkennum hvers þreps fyrir sig:

Þrep 1. Á þrepi 1 er að finna orðaforða sem flestir nemendur hafa á valdi sínu og þarf ekki að kenna sérstaklega nema í tilviki nemenda sem hafa annað mál að móðurmáli en talað er í ákveðnu landi. Orðaforði sem fellur undir þetta þrep hefur stundum verið kallaður *grunnorðaforði* á íslensku.

Þrep 2. Á þrepi 2 má finna orð sem hafa háa tíðni í málnotkun þroskaðra málnotenda. Þessi orðaforði hefur gildi þvert á fagsvið og samkvæmt höfundum getur einstaklingsbundinn orðaforði á þessu þrepi haft mikil áhrif á málhæfni einstaklinga. Orðaforði sem fellur undir þetta þrep hefur ýmist fengið nafnið *millilagsorðaforði*, *ritmálsorðaforði*, *akademískur orðaforði* eða (þverfaglegur) *námsorðaforði*.

Þrep 3. Á þrepi 3 má finna sértækan orðaforða námsgreina og fagsviða. Orðaforði sem fellur undir þetta þrep hefur ýmist verið kallaður *efstalagsorðaforði* eða *sértækur orðaforði* á íslensku.

Á myndinni má sjá dæmi um orð sem falla inn á tiltekin þrep.



Þar sem einkenni orða eru nokkuð fastmótuð flakka orðin ekki mikið á milli stiga en þau geta lent á gráu svæði. Það getur t.d. verið háð því samhengi sem þau birtast í. Þá þarf kennarinn að hafa í huga notagildi orðs fyrir viðfangsefni og markmið kennslu en reynsla af flokkun og vali orða samkvæmt þrepaskiptingunni mun smám saman efla kennarann í að velja þau orð sem hafa mest vægi fyrir nemandann. Í þessu sambandi er líka gott að hafa í huga að einkennum orða á þrepi eitt og þrjú eru nokkuð skýrari en einkennum orða sem falla á þrep tvö.

Þessi þriggja stiga þrepaskipting er ákaflega gagnleg þegar taka þarf ákvörðun um hvaða orð á að leggja áherslu á í kennslu en það er auðvitað aldrei hægt að kenna öll orð enda ekki nauðsynlegt.


Aðeins um orðaforða 2. þrepsins

Nemendur eiga að jafnaði erfiðast með að tileinka sér orð sem tilheyra öðru orðaforðaprepinu. Grunnorðaforðinn lærist að jafnaði hratt og örugglega af sjálfu sér vegna tíðni slíkra orða. Sérteki orðin á þriðja þrepi valda heldur ekki teljandi vandkvæðum þar sem þau eru órjúfanlegur hluti af námsgreinum og eru vel útskýrð í kennslubókum og kennslustundum. Millilagsorðaforðinn er hins vegar ekki nógu algengur til að lærast til hlítar af sjálfu sér. Honum eru heldur ekki gerð nein skil í námi nemenda þar sem gert er ráð fyrir að nemendur hafi hann á færi sínu. Það kann þó að þurfa að breytast þar sem vísbendingar eru um að honum hafi farið hrakandi, líklega vegna of lítilla kynna af ritmálinu þar sem lestur hefur dregist saman. Því er hætt við að nemendur sem eru með veikan orðaforða, t.d. nemendur sem lesa lítið eða eru af erlendu bergi brotnir, eigi í verulegum erfiðleikum með hluta millilagsorðaforðans.

Fyrir nemendur eru sum orð millilagsorðaforðans mikilvægari en önnur. Orð sem eru jafnan meira notuð í formlegu samhengi en mæltu máli, t.d. orð sem lýsa orsakasamhengi, skýra hugtök og útlista ferla og aðferðarfræði geta truflað lesskilning nemenda verulega. Dæmi um slík orð eru *aðdragandi*, *ráðstöfun*, og *hlutlægur*. Þessi hluti millilagsorðaforðans eru í enskum málvísindum kallaður *academic vocabulary*, þ.e. um er að ræða þverfaglegan námsorðaforða. Þótt fjöldi slíkra orða sé umtalsverður er hann einungis afmarkaður hluti millilagsorðaforðans en jafnframt sá mikilvægasti, a.m.k. þegar nám er annars vegar. Því ætti að vera hægt að kenna slíkan orðaforða skipulega og markvisst allt frá upphafi formlegrar skólagöngu þannig að nemendur geti tileinkað sér hann samhliða miklum lestri á textum þar sem akademískur orðaforði er fyrirferðarmikill. Í ensku eru til listar af slíkum orðum auk þess sem fjöldi kennslubóka í akademískum orðaforða hafa verið gefnar út og notaðar í skólum víðs vegar um heim. Því miður eru ekki til neinir slíkir listar fyrir íslenskan orðaforða og ekkert kennsluefni hefur enn sem komið er verið unnið í því efni. Með reynslu og innsæi í farteskinu ættu kennarar hins vegar að geta fundið slíkum orðum stað í námstextum óháð kennslugreinum og hugsanlega dregið þau saman í glósulista eða útbúið verkefni. Í sumum tilfellum gæti dugað að kennarar vekji athygli nemenda á þessum þverfaglega námsorðaforða öðru hvoru og útskýri einstaka orð eftir hendinni. Að minnsta kosti er brýnt að kennarar séu vakandi fyrir þeim vandkvæðum sem akademískur orðaforði getur valdið nemendum.

Að þekkja orð

Í bók sinni *Bringing words to life* velta höfundar upp spurningunni hvað sé fólgið í því að þekkja orð til hlítar og benda á að orða- eða hugtakabekking geti verið yfirborðskennd eða djúp og orð/hugtök haft eiginleika (e. *qualitative differences*) sem eru háðir samhenginu sem þau birtast í.



Skilningur á orðum/hugtökum getur einnig velt á þekkingu á skyldum hugtökum (bifreið, bíll, skráður, kaggi), notkun í formlegum eða óformlegum aðstæðum og notkun orðs innan tiltekinnar orðræðu. Af þessu má sjá að kennsla orðaforða er því ekki alltaf einfalt mál og ólíklegt að nemandi nái að tileinka sér ný orð með aðeins orðabókarskilgreiningu í farteskinu. Í flestum tilfellum kjósa kennarar að vinna

með orð sem nemendur þurfa að geta beitt í ræðu og riti en slíkar kröfur kalla á djúpan skilning á hugtaki af hálfu nemanda (Beck, McKeown og Kucan 2002, bls. 9–11).

Hvaða orð á að kenna?

Í kennslu skiptir máli að fyrir valinu verði orð sem efla mál- og lesskilning og orð sem taka mið af ólíkum þörfum nemenda innan hópsins eftir því sem kostur er á. Hafa þarf í huga viðfangsefni og markmið kennslu og mikilvægt að kennarar ígrundi vel val sitt á orðum sem þarf að kenna. Orð þarf að velja út frá notagildi þeirra fyrir nám, hvort það dýpki og bæti þekkingu nemandans og veiti honum aukinn skilning. Eins og áður segir kemur kennsla sértæks orðaforða nokkuð af sjálfu sér en nemendur geta átt í erfiðleikum með að tileinka sér millilagsorðaforðann og þar sem hann getur haft mikil áhrif á lesskilning þvert á námsgreinar þarf að huga sérstaklega að kennslu hans.

Til að auðvelda sér valið í fyrstu geta kennarar stuðst við eftirfarandi spurningar:

- Er tiltekið orð algengt eða almennt?
- Er orðið nemandanum tamt þannig að hann geti notað það til að útskýra eigin upplifun?
- Kemur tiltekið orð fyrir í reynsluheimi nemandans eða getur hann notað það í námi eða daglegum samskiptum?
- Er orðið þess eðlis að það nýtist nemandanum í öðrum aðstæðum en bara náminu?
- Getur nemandinn tengt tiltekið orð og merkingu þess við eitthvað sem hann hefur áður lært?
- Getur nemandinn heimfært orðið beint á námsefnið?
- Hefur tiltekið orð víðtæka merkingu og eykur þar með við þekkingu nemandans?
- Skoða þarf vægi tiltekins orðs í textanum, hversu mikilvægt er það fyrir skilning á textanum?
- Skoða þarf hvernig tilteknu orði er beitt í textanum. Í hvaða samhengi er það t.d. notað og hvert er hlutverk þess í textanum?
- Bætir nemandinn við þekkingu sína á námsefninu þannig að hann öðlast dýpri skilning á öðru námsefni og raunaðstæðum? (Beck, McKeown og Kucan 2002, bls. 29).

Önnur leið fyrir kennara að átta sig á stöðu orðaforða hjá nemendum og velja orð til kennslu er að leggja fyrir þá námsbókartexta sem vinna á með og biðja þá um að strika undir þau orð sem þeir skilja ekki. Með því að fá yfirlit yfir þau orð sem nemendur eiga í erfiðleikum með að skilja fær kennari upplýsingar um hvaða forsendur nemendur hafa til að skilja námsefnið. Í kjölfarið er svo hægt að vinna markvisst með þann orðaforða sem er mikilvægastur til að nemendur skilji efnið. Þannig styrkist orðaforði allra nemenda smám saman og gerir þeim betur kleift að glíma við og tileinka sér orð og hugtök sem koma fyrir í námsefni og kennslu.

Mikilvægi orðaforðakennslu

Margar erlendar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum orðaforða nemenda á námsgengi. Niðurstöður sýna meðal annars að umfang orðaforða nemenda getur gefið skýrar vísbendingar um málhæfni, að góður orðaforði við lok leikskóla og við upphaf 1. bekkjar spáir með skýrum hætti fyrir um stöðu lesskilnings í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskóla og að bein og markviss orðaforðakennsla bætir lesskilning bæði fyrsta og annars mál nemenda. Þá eru ótalin áhrif félagslegrar stöðu á vöxt og umfang orðaforða einstaklinga og fram kemur að markvissar aðgerðir í skóla þurfi til að minnka aðstöðumun nemenda að þessu leytinu til (Graves 2016, bls. 2–3).

Ýmislegt bendir til þess að orðaforða íslenskra nemenda fari hrakandi vegna þess að þeir lesa minna en áður og dvelja í auknum mæli í ensku málumhverfi á netinu. Auk þess hefur fjöldi barna með íslensku sem annað tungumál aukist til muna í skólum landsins undanfarin ár. Þetta þýðir að huga þarf með markvissum hætti að því hversu vel nemendur eru í stakk búnir til að takast á við viðfangsefni í skóla með tilliti til orðaforða og hafa jafnframt í huga að málhæfni nemenda innan bekkjar getur verið mjög misjöfn. Lausnin er ekki sú að laga kennslu að þörfum nemenda með lítinn orðaforða heldur að beita markvissum aðferðum og nálgunum við að kenna öllum nemendum hæfni til að takast á við nýjan orðaforða og efla hann smám saman. Þekking er bundin í þann orðaforða sem málnotandinn hefur á valdi sínu og því þarf að kenna og vinna markvisst með ný orð og hugtök svo nemendur öðlist djúpa og varanlega þekkingu á viðfangsefnum.

Heimildaskrá

Beck, I. L. og McKeown, M. G. (1985). Teaching vocabulary: Making the instruction fit the goal. *Educational Perspectives*, 23(1), 11-15.

Beck, I. L., McKeown, M. G. og Kucan, L. (2002). *Bringing words to life*. New York: The Guilford Press.

Graves, M. F. (2016). *The vocabulary book: Learning and instruction*. 2. útg. New York: Teachers College Press.

Green, J. W. og Coxhead, A. J. (2015). *Academic vocabulary for middle school students: Research-based lists and strategies for key content areas*. 1. útg. Maryland: Paul H. Brookes Publishing co.